

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands,

kl. 11:00 miðvikudaginn 23. október 2019 – símafundur

Mættir stjórnarmenn: Arngrímur Arnarson, Baldvin Esra Einarsson formaður, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Sigurður Líndal, Viggó Jónsson, Tómas Árdal varamaður og Þórdís Bjarnadóttir varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson.

Áheyrnarfulltrúar: Hilda Jana Gísladóttir og Álfhildur Leifsdóttir boðuðu forföll.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## 1. Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna hjá MN.

- Uppskeruhátíð ferðapjónustunnar sem átti að vera á morgun var frestað til miðvikudagsins 30. október vegna veðurs.
- Drone and Yoga hátíð var haldin á Húsavík síðustu helgi. Hátíðin gekk mjög vel, veður gott, áhugasamir þátttakendur og hátíðin fékk góða umfjöllun.
- Erlendir blaðamenn sem við höfum verið að fá undanfarið hafa ekki verið jafn góðir og áður og líka verið að detta út. Verið að skoða það núna að MN sæki meira blaðamenn sjálf.
- Gagnagrunnsmál hjá Ferðamálastofu komin á hreint hjá, búið að velja aðila sem tekur verkefnið og smíðar nýjan grunn og hann á að vera tilbúinn í mars. Vefir okkar geta farið af stað.
- Stefnumótun ríkisstjórnarinnar – stefnuvísar ferðapjónustunnar. 6 vinnuhópar – AJ í vinnuhópi um verðmæta markaði – haldnir verða fundir út um land.
- Íslandsstofa er að kynna nýja útflutnings- og markaðsstefnu í dag – verður kynningarfundur á Ak 13. nóv.

## 2. Fjármögnun

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að ekki væri gert ráð fyrir fjármagni í þróunarverkefnin eða eflingu Markaðsstofanna í fjármálaáætlun 2020-2024. Semsagt ekkert fjármagn sett til Markaðsstofanna á næstu árum. Þ.a.l. ætlar MN að senda erindi til ANR til að óska eftir því að þetta fjármagn verði sett aftur inn, bæði út af stofnun áfangastaðastofa og til að efla Markaðsstofur landshlutanna.

Viggó leggur til að MN óski eftir því að ráðherra ferðamála verði boðaður á fund stjórnar MN.

Umræða var um rekstur og áætlun næsta árs.

## 3. Áfangastaðastofur

Umræður um tillögu MN um áfangastaðastofur. Framkvæmdastjóri vannur lokaútgáfu skv. umræðum stjórnarmanna og ábendingum.

Tillaga verður í framhaldinu send á hagsmunaaðila til umræðu.

#### 4. Niðurstöður flugfundar

- Vakti mikla athygli, mættu rúmlega 100 manns og margir horfðu á útsendingu á netinu. Einnig margir sem hafa horft á upptökur frá fundinum.
- Verkáætlun í smíðum hjá MN – kallað eftir stefnu og sýn um AEY, þarf líka að útbúa „nýtt excelskjál“
- Niðurstöður af vinnustofunni góðar og verða nýttar til áframhaldandi vinnu.
- Búið er að birta núna nýja flugstefnu – þar sem enn er ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu alþjóðaflugs á AEY.
- Ráðgjafi er að vinna á fullu að tillögum um áframhald í markaðssetningu fyrir AEY og EGS sem við bindum vonir við að hjálpi verkefninu.

#### 5. Önnur mál

Formaður greindi frá samtali sínu vegna erindis um óleyfilega starfsemi sem tekið var fyrir á síðasta stjórnarfundum. Þar komu fram áhyggjur um að eftirlit skorti með ferðaþjónustuaðilum sem væru að leigja hópferðaskoðaða bíla og nota þá í sínum atvinnurekstri án þess að hafa tilskilin rekstrarleyfi til farþegaflutninga.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

Rætt um ACW og áherslu í umfjöllunum. ACW og Diamond Circle umfjöllun og þróun kynnt sérstaklega á næsta fundi.

Umræður um vetrarþjónustu á vegum á Norðurlandi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:20

Fundarritari HPP